

# Umhverfis- og öryggisstefna Gámaþjónustunnar hf. og dótturfélaga

*Gámaþjónustan hf. og dótturfélög vinna markvisst að því að vera til fyrirmyndar hvað varðar umhverfis- og öryggismál. Með því að vera leiðandi í umhverfismálum skapar fyrirtækið forsendur fyrir betri framtíð bæði fyrir starfsmenn og viðskiptavinum. Fyrirtækið vinnur stöðugt að því að auka öryggi starfsfólks til að koma í veg fyrir slys, efla heilsu starfsmanna og auka vellíðan þeirra við störf.*

**Til að uppfylla stefnu og markmið fyrirtækisins í umhverfis- og öryggismálum, hefur Gámaþjónustan og dótturfélög eftirfarandi að leiðarljósi:**

#### **Bætt umhverfi - betri framtíð**

- Að vera í fararbroddi í flokkun og endurvinnslu úrgangs á Íslandi, þ.m.t spilliefna og stuðla að aukinni flokkun og endurvinnslu hjá viðskiptavinum sínum.
- Að taka tillit til umhverfismála og leitast við að þekkja umhverfisáhrif starfseminnar og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið.
- Að leggja sitt af mörkum til loftslagsmála í rekstri og með ráðgjöf til viðskiptavina.
- Að fylgja lagalegum kröfum á sviði umhverfismála og vinna eftir umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001 til að tryggja stöðugar umbætur.
- Að leitast við að fara vel með auðlindir og taka tillit til umhverfissjónarmiða við innkaup.
- Að kynna viðskiptavinum fyrirtækisins gildi úrgangsflokkunar, endurvinnslu og endurnýtingar með það að markmiði að auka flokkun úrgangs og bæta nýtingu auðlinda.

#### **Öryggið framur öllu**

- Að allt vinnuumhverfi starfsmanna myndi kjöraðstæður fyrir andlega og líkamlega vellíðan þeirra við störf hjá fyrirtækinu.
- Að tryggja öryggi starfsmanna er framur öllu, starfsmenn starfi ávalt samkvæmt settum öryggisstöðlum og klæðist öryggisbúnaði eins og sýnileikafatnaði, öryggishjálum og öðrum öryggisbúnaði á þeim svæðum sem við á.
- Að fylgja lagalegum kröfum á sviði öryggismála og tryggja stöðugar umbætur.
- Að með skipulegum og vönduðum hætti er unnið að því að bæta öryggi starfsmanna með fyrirlestrum, námskeiðshaldi, tilsögn og ræktun jákvæðs viðhorfs starfsmanna til öryggismála.
- Að tryggja reglulegt eftirlit á áhættumati og áætlunum er lúta að öryggismálum á öllum vinnustöðvum Gámaþjónustunnar hf. og dótturfélaga.

**Samþykkt 8. desember 2017**

*Gunnar Bragason*  
framkvæmdastjóri



**GÁMAÞJÓNUSTAN HF.**  
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ